



Fundargerð 15. janúar 2024

Kl 16:00

Stjórn: Anna Ejólfs, Freyja Eilíf, Þóra Karlsdóttir, Pétur Thomsen og Hlynur Helgason. Varamen: Soffía Sæmunds og Beta Stefánsdóttir.
Einnig mætt: Ingibjörg Gunnlaugsdóttir og Lísía Björg

Fundarstjóri: Hlynur Helgason

Ritari: Lísía Björg

Starfslýsingar

- Stjórn fékk sendar starfslýsingar starfsmanna SÍM þ.e. Formanns, skristofustjóra, framkvæmdastjóra og verkefnastjóra SÍM Residency
- Skoða breytingar á starfslýsingu framkvæmdastjóra og skrifstofu með tilliti til breytinga
- Stjórn leggur til að skoðaðir verði allir samningar og starfslýsingar
- Pétur Thomsen vekur athygli á því að ekki sé hægt að greiða starfsfólki aukagreiðslur fyrir störf fyrir skrifstofu SÍM og rekstarfélagi SÍM
- Gengið verður frá nýjum starfslýsingum um starf skrifstofu annars vegar og rekstrarfélags hins vegar á þann hátt að samstarf sé innifalið
- Ekki verði greidd yfirvinna án þess að það sé samþykkt um það fyrirfram
- Endurskoða starfstítl rekstrarfélags
- Tekið fyrir á næsta stjórnarfund

Grasrótarsýning

- Sýning á Korpúlfsstöðum með áherslu á grasrót
- Opin listamönnum með menntun eða listferil á baki
- Kynning fyrir listafólk sem eru ekki meðlimir í SÍM
- Apríl - þrjár vikur
- Titill sem vísar í rætur, tillaga frá Þóru: "Undir grænni torfu"
- Sótt verður um í Myndlistarsjóð 12. febrúar 2024
- Freyja er verkefnastjóri og curator og fær 400.000 kr greitt fyrir
- Stjórn er ánægð með skipulag og áætlunargerð

Árshátíð SÍM

- Fundar í kjölfarið á þessum fundi
- 24. Febrúar 2024 á Korpúlfsstöðum
- Undirbúningsvinna og kynningarstarf er hafið



200 ára afmæli í Hafnarstræti

- Fyrirhuguð er sýning og opið hús í Hafnarstræti vorið 2024
- Stofnuð verður sýningarnefnd við samstarfi við Borgarsögusafn um sögu hússins og listarinnar
- Þrýsta á borgina að laga og gera við húsnæðið svo það sé í sem besta standi
- Bæta merkingar og vekja athygli á húsinu og starfseminni

Merkingar í Hafnarstræti

- Stjórn fékk til yfirferðar tillögur að merkingum í Hafnarstræti
- Tillögur verða sendar á Minjavernd og borgina til samþykktar

Aðalfundur SÍM

- Haldinn laugardaginn 27. apríl 2024
- Aðalfundarboð sent með næsta fréttabréf og Anna Eyjólfss býður sig fram á ný
- Auglýst eftir framboðum 15. febrúar - formaður, 2 stjórnarmenn, 1 varamaður
- Umsóknarfrestur 14. mars
- Framboð tilkynnt 21. mars
- Staðfesta rafræn kjör hjá BHM

Kjör til forseta BÍL

- Aðalfundur haldinn 16. mars 2024
- Rædd framboð Jónu Hliffar annars vegar og Hlyns Helgasonar hins vegar
- SÍM ákveði einn fulltrúa til framboðs
- Aðildarfélög eru með 5 atkvæði, undirfélög 1 atkvæði
- Sjá reglur BÍL:

6. gr.

Aðalfundur BÍL fer með æðsta ákvörðunarvald í málefnum BÍL. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok febrúar ár hvert, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Aðalfundur skal boða skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara og dagskrá skal send út eigi síðar en tveim vikum fyrir boðaðan aðalfund. Auk stjórnarmanns getur hvert aðildarfélag tilnefnt fjóra fulltrúa til setu á aðalfundi með atkvæðisrétt, þannig að hvert aðildarfélag hefur fimm atkvæði. Þegar um sambandsfélög er að ræða, geta þau auk þess tilnefnt einn fulltrúa fyrir hvert sjálfstætt starfandi félag innan síns sambands.

Atkvæðisréttur aðildarfélaga er háður því að félag hafi greitt árstíllag starfsársins (sbr. 8. gr.) fyrir boðaðan aðalfund.



Allir félagsmenn aðildarfélaganna hafa rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétt. Viku fyrir aðalfund tilnefnir hvert aðildarfélag atkvæðisbæra fulltrúa til setu á aðalfundi.

Tillögur að lagabreytingum skulu berast stjórn a.m.k. þremur vikum fyrir boðaðan aðalfund.

Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar BÍL og skýrsla forseta um starfið á liðnu ári. Þá leggur stjórnin fyrir aðalfund tillögu að starfsáætlun BÍL fyrir næsta starfsár og ályktanir til samþykktar.

Forseti og tveir félagslegir skoðunarmenn reikninga skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Forseti skal kosinn sérstaklega, bundinni kosningu og skal tillaga að forsetaefni berast stjórn a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund. Fáir enginn hreinan meirihluta greiddra atkvæða, skal kjósa aftur milli þeirra sem flest atkvæði hlutu. Kosningin skal vera skrifleg.

Aðalfundur telst löglegur, ef löglega er til hans boðað og að minnsta kosti helmingur aðildarfélaganna sendir fulltrúa á fundinn.

Önnur mál

- Myndlist á heimilum - gerður hefur verið samningur um höfundarréttargreiðslur við Myndstef
- Tilnefningar í innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur - stjórn sendir tillögur
- Ársskýrsla Artóteks - dregist hefur úr listaverkum sem koma í Artótekið og listaverk sem tekin eru á leigu. Nauðsynlegt er að kynna Artótekið betur fyrir félagsmönnum. Lísa fundaði með bókasafninu fyrir jóla. Auglýsingaherferð, samfélagsmiðlar og fjölmiðlar.

Fundi slitið 17:28



Viðbót:

Fundur vegna árshátíðar SÍM 2024
Skemmtinefnd: Beta, Pétur og Lísá

Þema?

Skemmtiatriði - DJ, hljómsveitir, plötusnúðar

- FM Belfast
- Gus Gus
- Trabant
- Babies
- Aðrir?

Auglýsa eftir skemmtiatriðum til félagsmanna - Lísá sendir bréf

Athuga með hljóðkerfi og ljósakerfi - Luxor

Kynningarefni:

Grafík

FB viðburður

Tilkynning í fréttabréf SÍM og á vefsíðu

Kalla eftir félagsmönnum til þess að manna barinn, í hurð o.fl.

- Stjórn
- Aðildarfélögin
- Aðrir

Áfengisspons - Lísá athugar

Veitingar - La Buena Vida food Truck

Aðgangseyrir - eitt verð fyrir félagsmenn SÍM og annað fyrir utanaðkomandi

- Ræðst af heildarkostnaði (á bilinu 1500-2000 kr)

Verkefnalisti: <https://docs.google.com/spreadsheets/d/1dZIUOlSqsyTi-EI2A4JEabnWWyuWKe5WOAMKdeITc64/edit?usp=sharing>